

Fundur 8.5.2023 Móðir Teresa.

Góða kvöldið.

*Góða kvöldið.*

Heilsa ég ykkur og gleður það mig, aftur að komast á ykkar fund og vona ég að allir hér séu öflugir og er ég nú á stöugri framfarabraut og finnst mér svo vænt um það að sambönd þau sem komust á fyrr í vetur við mig, náðu að hressa mig við og gera mig bjartsýna um framhaldið og finn ég svo vel hvernig það er svo mismunandi hverju er hægt að ná í gegn hjá hverjum miðli og sum orð mín komast ekki eins vel í gegn að þessu sinni, en ætla ég að gera mitt besta.

Og vil ég byrja á því að rifja upp atvik úr fyrri æfi minni á fyrstu framlífs jörð minni, sem ég ekki vildi viðurkenna að væri jörð í fyrstu þar sem ég var þess full viss að ég hefði ekki hagað mér nógu vel og væri það refsing Drottins að ég skyldi þurfa að vera á efniskenndri jörð aftur og hjálpa þeim sem væru þurfandi og þá hafði ég lært að efnið væri syndin og andlegi heimurinn væri það sem væri Drottni þóknanlegt.

En ég einbeitti mér að starfi mínu og vil ég gjarnan segja frá því hvernig okkur tókst að breyta hegðun og innræti margra frumbyggjanna sem þarna bjuggu með góðmennsku okkar og kristinni trú og með því að bjóða hina kinnina þegar við urðum fyrir árásum og hrekkjum af þeim frumbyggjum og þurftum að sýna þolinmæði og kærleika og læra inn á aðstæður.

Og við kenndum þeim með tímanum að hjálpast að og við kenndum þeim að fyrirgefa og hætta að berjast. Hætta að ræna frá nágrönnum sínum þeim matarbitum sem þeim tókst að ná í og annað slíkt

Og var það mjög gefandi starf að sjá árangur erfiði síns og finna að kærleikur okkar kenndi þeim nýjar lífsreglur og kom að gagni.

Er ég hér strax á nýjum hnetti farin að sakna þeirra starfa og hef ég hér fundið marga sem ég hef reynt að hjálpa en er það þó í samvinnu við aðra sem eru hér sama sinnis.

Var ég að vísu nokkuð þreytt og magnlaus þegar ég kom hér yfir á nýjan hnött og brotthvarf mitt af fyrstu framlífs jörð minni, var ekki friðsamlegt eða þægilegt og koma þar við sögu þessir frumbyggjar sem ég minntist á, en það var mér ekki erfitt að fyrirgefa þeim, þar sem það var innprentað í sál mína og mér eðlislægt að fyrirgefa.

En eins og ég hef sagt, þá var mér hér kennt að sinna betur um sjálfa mig og eigin þarfir og vil ég því enn koma því inn hjá íbúum gömlu jarðarinnar minnar sem mér enn er annt um, að elska náungann og þjóna náunganum og finna hversu það er gefandi og þá muni margt batna.

Og hef ég heyrt fregnir af gamla jarðlífinu á gömlu jörðinni minni og skilst mér að þar sé enn þá kærleiks boðskapur Krists ekki í fullu gildi og myndi hann bæta mikið jarðlífið.

Já ég hef auk þess sýnt stjórnunum aukna athygli og man ég eftir því þegar ég fyrst kom í sambandið til ykkar að ég

*Þú máttir ekki tala við andana sagðirðu:*

Já, já, ég vildi ekki verða fyrir áhrifum en það var mér til góðs og einnig að veita athygli stjórnunum og náttúrufræðilegum fyrirbærum.

Jæja ég fer nú að fara að kveðja ykkur en ætla ég að segja nafn mitt.

*Móðir Teresa.*

Móðir Teresa já, það er rétt.

*Afhverju sækir þú svona mikið eftir að komast í samband við okkur?*

Ég fann að, Drottinn segir mér að hjálpræðið sé, verði að predika það, og fannst mér einnig sem ég hefði ekki, vil ég fá gjarnan að hinn miðillinn komi líka og þessi sambönd og var mér upp á lagt að tala við ykkur og finn ég einnig einhver góð skilnings áhrif, orku áhrif og gæti það verið að þjóð mín hér á þessum hnetti hafi gott af því.

Já, eru hér spurningar?

*Hvar starfaðir þú mest þegar þú varst hér á jörð?*

Það var í Afríku, fátækum löndum, eins og Afríku og Suður Ameríku og ýmis slík landssvæði.

Já og fékkst ég við það einnig eftir að ég komst á framlífs jörð, en skildi ekki alveg þau náttúru fyrirbæri og hef nú talsvert lært um það betur og hef lært að misvirða ekki efnisheiminn og reyna að meta hann að verðleikum.

Verð ég nú að kveðja ykkur og þakka ég fyrir og verið þið sælir.

*Vertu blessuð.*